



## Bréfa- og málasafn 1967, fyrri hluti

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Forsætisráðherra – Bréf – L'Ambassade de France, Reykjavík –  
Arnpór Þórólfsson – Ásgeir Ásgeirsson – Hans G. Andersen – Jónas G. Rafnar – Karl Strand –  
Steingrímur Hermannsson – Boðskort – Ásthildur Kærnested – Örn Johnson Loftleiðamálið – Tillögur  
um ráðstafanir vegna dagblaðanna–

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

*Einkaskjalasafn nr. 360*

*Stjórnmalamaðurinn*

Askja 2-34, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Moskva, 20. október 1967

Herra forsætisofstjórn  
dr. Bjarni Benediktsson  
og frú Sigríður.

Góðu vinir,

Eg þakka ykkur hjartan-  
lega kveðskaleysisli á  
sjö tugsafmæli mínu. Það  
gladdi mig að fá kvæðin  
úr þessari átt.

Með bestu kveðnum  
og óskum,

Ykkar

Jón Ólafur Guðmundsson

11. febrúar 1967.

68. B. 2.

Nr. 59.  
Loftleiðamálið.  
Br.sr.nr.47, 3/2'67.  
-----

Ég átti í dag langt samtál við Borten, forsætisráðherra, og ræddum við Loftleiðamálið á svipuðum grundvelli og frá er skýrt í ofangreindu bréfi. Var forsætisráðherrann mjög hliðhollur í málinu, svo sem áður var vitað. Taldi hann að 10% munur mundi leysa málið. Ég sagðist ekki hafa neitt umboð til að taka undir slíkt, en honum hafði skilizt að slík lausn gæti komið til mála af Islands hálfu. Ég sagði að mér væri ókunnugt um það. Aðalatriðið virtist nú vera að undirbúa sem bezt fund samgöngumálaráðherranna í Oslo og hætta að einblína á verðið, en reyna heldur að takmarka farþegafjölda.

Borten, forsætisráðherra, sagði að Norðmenn mundu gera allt sem þeir gætu til að leysa þetta mál. Kyllingmark mundi stjórn Oslo fundinum og ríkisstjórn Noregs mundi standa að því að hann beitti sér þar af öllum mætti. Hins vegar mundi það auðvelda lausn - og væri e.t.v. aðalatriðið nú - að íslenska ríkisstjórnin reyndi að koma vitinu fyrir Dani. Þá mundu Svíar standa uppi einir, en sá sem raunverulega væri á bak við öll þessi vandræði væri sanski ráðherrann Palme.

H. G. Andersen

Utanríkisráðuneytið,  
R e y k j a v í k .  
-----

Nr. 26.  
Loftleiðamálið.  
-----

Í dag bar þingmaðurinn Erling Engan (Senterp.) fram eftirfarandi fyrirspurn til samgöngumálaráðherra í Stórbritáinu:

"Hva er begrunnelsen for det avslag det islandske luftfartsselskap Loftleidir har fått på sin konsesjonsøknad om å få sette inn sine nye R-R-400-fly i trafikken mellom Island og Skandinavia?"

Kyllingmark, samgöngumálaráðherra, svaraði því til, að loftferðir landa í milli byggðust yfirleitt á tvíhliða samningum, þar sem ákvæði væru sett um fargjöld og væri þá miðað við IATA reglur. Við þær reglur væri miðað að því er snerti flug Loftleida milli Íslands og annarra Norðurlanda. Hins vegar væri ekki eftir því farið í flugi Loftleida milli Bandaríkjanna og Íslands. Á þann hátt hefðu Loftleidir skapað sér sterka aðstöðu sérstaklega með flugi sínu til Luxemborgar. Norðurlöndin þrjú, Danmörk, Noregur og Svíþjóð, teldu að skilyrði fyrir notkun stóru vélanna í Skandinavíu væri að fargjaldamunur SAS og Loftleida væri minni en Loftleidir hefðu viljað fallast á. Hefði málið strandað á því.

Engan þingmaður spurði þessu næst, hvort það væri rétt hermt, að samgöngumálaráðherra væri í þessu máli hlýntari hinum íslenzku sjónarmiðum en starfsbræður hans í Danmörku og Svíþjóð. Ráðherrann svaraði því til, að hér væri um að ræða sameiginlegar samningaviðræður og sameiginleg sjónarmið landanna þriggja. Hins vegar gæti hann staðfest, að sjálfur hefði hann ekki aðrar skoðanir á málinu en Borten, forsætisráðherra (Engan er þingmaður fyrir sama flokk og forsætisráðherrann).

Undirritaður hlitti Kyllingmark snöggvart að máli þegar þessum orðaskiptum var lokið. Sagð

hefði verið að svara síðari spurningunni. Varð að samkomu-  
lagi að við skyldum hittast mjög bráðlega til að ræða málið  
frekar.

*J. H. Jónsson*

OSLO 27. Janúar 1967.

Db.

68. B. 2.

F

Nr. 33.  
Loftleiðamálið.  
Br. rn. nr. 16, 12/1'67.  
Db. rn. 65. B. 2.

Í dag fór ég á fund Lyng utanríkisráðherra Noregs, samkvæmt ósk minni, til þess að ræða Loftleiðamálið.

Ráðherrann tók mér vel. Ég flutti honum kveðjur frá Íslandi og sagðist hafa samreynt þar, að bæði íslensk stjórnvöld og íslenska þjóðin öll væru mjög vonsvikin yfir því að ekki hefði tekið að leysa Loftleiðamálið. Ríkjadi ég síðan upp helstu atriði málsins - efnislega á þessa leið:

Svipað ástand og nú var fyrir hendi árið 1964. Þá vildu Loftleiðir nota CL 44 á leiðinni N.Y. - Ísland og tóku fram, að ekki mundi verða óskað eftir því að nota þær vélar á leiðinni Ísland - Skandinavía fyrr en eftir 2 - 2 1/2 ár, þ.e. í október 1966 eða apríl 1967. Því var þá eins og oft áður haldið fram af Íslands hálfu, að hér væri um tvær sjálfstæðar flugleiðir að ræða. Á leiðinni N.Y. - Ísland gildi samningurinn við Bandaríkin, þar sem ekki væri áskilin IATA-fargjöld. Á leiðinni Ísland - Skandinavía væru áskilin IATA-fargjöld og eftir þeim farið. SAS hélt því hins vegar fram, að í rauninni væri um eina flugleið að ræða og yrði því að komast að samkomulagi um lendingafjölda, farþegaafjölda og verðmismun til að koma í veg fyrir "unfair competition", ef lendingar ættu að halda áfram í Skandinavíu. Í október 1964 hefði málið verið rætt sem flugteknískt mál, án tillits til utanríkispólítískra sjónarmiða og raunar vantæði talsvert á, að almennum samgírni væri sýnd af hálfu hinna Norðurlandanna. Málið komst í strand. Ég fór því til Lange utanríkisráðherra og bað hann um að hafa forgöngu um það við kollega sína, að málinu yrði

Utanríkisráðuneytið,  
R e y k j a v í k .

Utanríkisráðuneytið  
Db. 65. B. 2 dags. 30/1 67

OSLO 27. janúar 1967.

Db. 68. B. 2.

F

Nr. 33.  
Loftleiðamálið.  
Br. rn. nr. 16, 12/1'67.  
Db. rn. 65. B. 2.  
-----

Í dag fór ég á fund Lyng utanríkisráðherra Noregs, samkvamt ósk minni, til þess að ræða Loftleiðamálið.

Ráðherrann tók mér vel. Ég flutti honum kveðjur frá Íslandi og sagðist hafa samreynt þar, að bæði íslensk stjórnvöld og íslenska þjóðin öll væru mjög vonsviklu yfir því að ekki hefði tekist að leysa Loftleiðamálið. Rifjafi ég síðan upp helztu atriði málsins - efnislega á þessa leið:

Svipað ástand og nú var fyrir hendi árið 1964, þá vildu Loftleiðir nota CL 44 á leiðinni N.Y. - Ísland og tóku fram, að ekki mundi verða óskað eftir því að nota þær vélar á leiðinni Ísland - Skandinavía fyrr en eftir 2 - 2 1/2 ár, þ.e. í október 1966 eða apríl 1967. Því var þá eins og oft áður haldið fram af Íslands hálfu, að hér væri um tveir sjálfstæðar flugleiðir að ræða. Á leiðinni N.Y. - Ísland gildi samningurinn við Bandaríkin, þar sem ekki væri áskilin IATA-fargjöld. Á leiðinni Ísland - Skandinavía væru áskilin IATA-fargjöld og eftir þeim farið. SAS hélt því hins vegar fram, að í rauninni væri um eina flugleið að ræða og yrði því að komast að samkomulagi um lendingafjölda, farþegafjölda og verðmismun til að koma í veg fyrir "unfair competition", ef lendingar ættu að halda áfram í Skandinavíu. Í október 1964 hefði málið verið rætt sem flugteknískt mál, án tillits til utanríkispólítískra sjónarmiða og raunar vantadi talsvert á, að almenn samgirni væri sýnd af hálfu hinna Norðurlandanna. Málið komst í strand. Ég fór því til Lange utanríkisráðherra og bað hann um að hafa forgöngu um það við kollega sína, að málinu yrði

Utanríkisráðuneytið,  
Reykjavík.

Utanríkisráðuneytið  
Db. 65. B. 2 dags. 20/1 67

kippt upp úr þessum öngþveitissfarvogi og kalliður saman nýr fundur á vegum utanríkisráðuneytlanna. Þetta var svo gert. Fundurinn var haldinn í Reykjaví nokkrum dögum síðar og málið leystist þannig, að leyfðar voru 5 lendingar á sumrum og 3 á vötrum og fargjaldamismunurinn var ákveðinn 15% á vötrum og 13% á sumrum. Þetta var gert til samkomulaga, en reynslan hefir sýnt, að mismunurinn er of lítill, því að enda þótt markaðurinn í Skandinavíu hafi aukist um 42% síðan samkomulagið var gert, hefir hlutur Loftleiða í þeirri aukningu verið enginn. Þetta er raunar eðlilegt, þegar þess er gætt, að þeir sem eiga vól á jet non-stop vél frá New-York til Kaupmannahafnar, taka ekki 40% þægfarari vél, sem fer um Ísland og er byggð fyrir vöruflutninga, nema talsverður verðmunur sé. Getur hver og einn skilið það sjálfur, án þess að álit sérfræðinga þurfi til að koma. Fyrir liggja tölur frá óháðri stofnun í París. Með hliðsjón af þeim má telja að sanngjarn verðmunur á jet og non-jet sé 25-35%. Ber þá og að hafa í huga, að það tíðkast alls ekki að gera greinarmun á verði með hliðsjón af mismunandi tegundum hreyfilvéla og er því samkvæmt alþjóðavenju enginn munur á DC.6 og CL 44.

Í þessu sambandi verður einnig að hafa í huga, að Loftleiðir miðuðu við 23% verðmun áður en samkomulagið var gert 1964. Til samkomulags féllst félagið á 15% og 13%, svo sem áður segir og reynslan hefir sem sagt sýnt, að þetta er of lítill mismunur.

Þegar nú er um það rætt, að CL 44 verði notaðar einnig á leiðinni Ísland - Skandinavía, hefir reynslan orðið sú sama og 1964. Fundir hafa verið haldnir í Kaupmannahöfn - nú síðast fundur samgöngumálaráðherranna í janúar. Þar var málið rætt sem "flugteknískt" mál og allt fór í strand og málið er í öngþveiti.

Með hliðsjón af því sem áður hefir gerzt í þessu máli, er þess óskað af Íslands hálfu, að utanríkisráðherra Norögs hafi forgöngu um að taka málið upp sem utanríkisráðmál og reyna að fá það leyst.

Af Íslands hálfu veri þá talið eðlilegt að hafa samvinnu um að koma í veg fyrir "unfair competition" með því að stilla upp "parallelum", þ.e. annars vegar SAS ákvæðum



og hins vegar fyrirkomulagi Loftleiða-ferða. Næmi þú  
3 aðalatriði til úrlausnar, þ.e.:

1. Lendingafjöldi. Þar væri af Íslands hálfu  
talið lágmark að hafa 3 landingar í viku allt  
árið, því að ekki væri af þenkileikum áhæðum  
talið hagnýtt að hafa færri ferðir.

2. Farþegafjöldi. Ef miðað væri við 3 ferðir  
á viku allt árið mundi satafjöldi aukast talsvert  
miðað við núverandi ástand. Talsverð aukning  
væri sanngjörn vegna mjög aukins markaðar.  
Til greina gæti komið, ef sanngjarnt reyndist  
að blokkera vissan satafjölda einað hvort alveg  
eða nota afganginn fyrir vöruflytninga. Þetta  
mætti athuga. Þeirri hugmynd hefði verið hreyft  
á kaupmannahafnarfundi af viðsemjendum okkar,  
að slíkt væri óhagkvæmt í rekstri. Aðvitað er  
það rétt, en ekki virðist SAS yfirleitt vera að  
hugsa um Loftleiðir á þeim grundvelli að gera  
rekstur þeirra hagkvæmari. Hvað sem því líður,  
væri man óhagkvæmara að skipta yfir í smærri vélar  
í Keflavík til þess að fljúga til Skandinavíu.

3. Verðmismunur. Varðandi verðmismunur verður að  
hafa það í huga, sem áður var sagt, þ.e. að talið  
er af óháðum, ábyrgum aðilum, að 35% munur væri  
eðlilegur. Fyrir 1964 miðuðu Loftleiðir við 23%.  
Loftleiðir vildu gjarnan miða við 20 - 25%. Með  
samkomulaginu 1964 var mismuninum komið niður  
fyrir eðlilegt lágmark, þ.e. 13 - 15%. Nú væri  
af SAS hálfu talað um fyrst 3%, síðan 5% og e.t.v.  
7%. Slíkur munur er svo lítill, að algjörlega  
vonlaust er að fá farþega til að leggja á sig hegari  
og óþægilegri ferð fyrir hann. Yrði þá um að ræða  
"unfair competition" af SAS hálfu og það í stórum  
stíl, sem gæti leitt til þess að Loftleiðir yrðu  
að leggja niður flug til Skandinavíu. Talan 7%  
væri í raun og veru málamiðlum milli þess munar,  
sem talið er fyrir neðan sanngjarn og einskis.  
Af Íslands hálfu væri 20% talið sanngjarnt, og  
ef finna ætti parallell milli SAS og Loftleiða  
væri núgildandi munur algert lágmark. Eila væri

hagkvæmuna að leggja niður Flug til Skandinavíu og bóla öllum ferðum til Luxembourg. Gæti þá munurinn orðið t.d. 30% og væri ekki víst að það kæmi betur út fyrir SAS.

Þessi atriði verður sem sagt að hafa í huga þegar unnið er að lausn. Önnur atriði gætu komið til athugunar, t.d. meiri munur milli vetrarferða og sumarferða, lenging á sumarímabilinu þegar mismunur er minni og e.t.v. fleiri atriði.

Eftir að málið hafði þannig verið reifað, kvaðst utanríkisráðherra Lyng hafa álitnið að málið heyrði undir samgöngumálaráðherrana. En þar sem málið væri komið í strand á þeim vettvangi, myndi hann nú leggja málið fyrir ráðherrafund í næstu viku og taka fram þau atriði, sem ég hefði bent á og þá jafnframt, að þess væri óskað af Islands hálfu, að hann tæki málið upp í því skyni, að finna á því lausn. Kvaðst ráðherrann þá mundi hafa samband við mig eftir ráðherrafundinn.

Ég þakkaði ráðherranum fyrir góðar móttökur og bætti því við, að málið væri mjög aðkallandi, þar sem miðað hefði verið við 1. apríl n.k. og yrði þá að hafa tíma til að ganga frá dreifingu áætlunar o.s.frv., sem allt tæki tím. Lofaði ráðherrann að geta þessa atriðis á ráðherrafundinum.

Gunnar Rogstad, deildarstjóri, fjallar um þessi mál í norska utanríkisráðuneytinu og hefir tekið þátt í fundum um þau. Skýrði ég honum frá þessum viðræðum að afloknum fundinum með ráðherranum, þar sem engir aðrir voru viðstaddir.

*J. G. Andersen*

# SENDIRÁÐ ÍSLANDS

Kaupmannahöfn. 5. maí 19 67.

Db. 36.A.2.

Líta skrifla  
þaðna bréf til  
fulltrúa páfa

Nr. 195.  
Páfabréf.

-----

*Andersen*

./.. Hér með sendist afrit af erindi fulltrúa páfa á Norðurlöndum, dags. 2. þ.m., ásamt þargreindum þremur eintökum af páfabréfinu "Populorum progressio" og enskum þýðingum, sem er gjöf frá páfa til forseta Íslands, forsætisráðherra og utanríkisráðherra.

*F.l.s.*

*Pjóni Möller*

Sent: Skrifstofu forseta Íslands, forsætisráðherra og utanríkisrh.  
8/5/67.

Utanríkisráðuneytið,  
Reykjavík.

DELEGATIO APOSTOLICA  
IN SCANDIA

No. 427/67

The Apostolic Delegation presents its compliments to the Embassy of Iceland in Copenhagen and has the honour to state as follows:

His Holiness Pope Paul VI has desired to send a copy of his recent encyclical, "Populorum progressio", to His Excellency the President of Iceland and to Their Excellencies the Prime and Foreign Ministers of the Icelandic Government.

The Apostolic Delegation has pleasure in transmitting herewith three copies of the said Encyclical with the official text in latin and an appropriate translation, and would kindly request the Embassy of Iceland to use its good offices to forward them to their most distinguished recipients.

The Apostolic Delegation thanks the Embassy of Iceland for its kindness and gladly avails itself of this opportunity to renew to it the assurances of its highest consideration.

Vedbaek, May 2, 1967.

Stimpill

22. júní 1967.

Dear T A

Við bleimur megar  
af þessu da vi fika beidd um  
de souvenirs sem vi skal  
fá frá Japan svo sem þu  
skal fylga með. Þu maa  
absolut stoppe í Goland þá  
dín myndir og vi þu  
et varðse í vort hjárum sem  
ventur þá dig. Þu skal þu  
þess og evkale maa þu  
þessum í þess með dín þess og  
þess. Það et telegram þá  
vi þess þess dig. Bestlaust.

Dín van Bjarni

T A

c/o Humanities Press  
303 Park Avenue South  
New York 10010

Reykjavík 17. ágúst 1967

Blátt með leyfi: ég meir að sækja  
um lán hjá Sparisjóti Reykjavíkur  
í tilvísun mínna "láskrá" 14. heit í  
hæð að upphæð allt að 200.000,- kr.  
með vörð: næst á eftir á hvílu  
lánum, sem miðnum nema kr. 157.000,- kr. Ástætan til þess þarf  
mínun er sú, að ég er að láta  
riða upp gjöld og láta innreitta  
kjallara-nám, sem ekki mátti nota  
vegna þess festingarákvarða, þess  
húsið var byggt 1954-1955. Í þessu  
þessu breytingu fast gott hefur verið,  
sem gerir húsið veltmatara og er  
mér ein af fjölskyldu-ástandum  
næðsvald.

Viðinngulft  
Þjórn Benediktsson

Til  
Stjórnar Sparisjóts Reykjavíkur.

F.

22 Juillet 1967

N° 208/D

L'Ambassade de France présente ses compliments au Ministère des Affaires Etrangères et a l'honneur de lui demander de bien vouloir transmettre à Monsieur Bjarni Benediktsson et aux Détenteurs des pouvoirs présidentiels, les remerciements du Président de la République Française pour le message qu'ils lui ont adressé à l'occasion de la Fête Nationale.

L'Ambassade de France saisit cette occasion pour renouveler au Ministère des Affaires Etrangères les assurances de sa très haute considération.

Sendist skrifstofu forsætisráðherra  
frá utanríkisráðuneytinu 25/7'67.

MINISTERE DES AFFAIRES ETRANGERES

R e y k j a v i k

DR. KARL STRAND

Tel. : 01 - 584 - 0371  
( KNightsbridge 0371 )

22, VICTORIA GROVE,  
LONDON, W.8.

30. september 1967.

Kæri hr. forsætisráðherra.

Beztu þakkir fyrir yðar vinsamlega bréf dags. 25. þ.m., sem mér þótti vænt um, og einnig fyrir orðsendingu með hr. Guðmundi í Guðmundssyni, sendiherra. Ég varð feginn að heyra að veikindi yðar bötnuðu smátt og smátt og að allt gekk vel, því óneitanlega var ég áhyggjufullur yfir að sleppa yður í ferðalag af þessu tæi svona fljótt. Mér var því mikið ánægju-efni að yður tókst að ljúka ferðinni án eftirkasta. Ef til vill má ég leyfa mér að bæta því við, að mér er fullkomlega ljóst að slíkt hefur ekki verið tekið út með sældinni og þarf dugnað til, því veikindi sem þessi gera hvern mann mjög miður sín fyrst í stað.

Með beztu óskum um góða heilsu og kveðjum til yðar og forsætisráðherrafrúarinnar.

*Yðar einlægur  
Karl Strand*

Hr. forsætisráðherra,  
Bjarni Benediktsson, dr.jur.,  
Forsætisráðuneytið,  
Reykjavík,  
ICELAND.



Arnbór Þórólfsson  
Heiðarvegi 1.  
Reyðarfirði.

Tala vit A. þ. 7. / 7 '66  
og skjri kanna frá  
já bezt um vaxitablaun S. S.  
Reyðarfirði 2. júlí 1967. *Bjarni*

Herra. forsætisráðh. Bjarni Benediktsson  
Reykjavík.

Kæri Bjarni.

Beztu þakkir fyrir síðast.

Ég leyfi mér að senda þér hjál. afrit af umsókn þeirri, er ég hefi sent póst- og símamálastjórninni varðandi lausa stöðu stöðvarstjóra pósts og síma hér á Reyðarfirði, en umsóknarfrestur rennur út í dag.

Ég hefi að undanfögnu hugsað æði mikið um þetta, og álitid að hér væri um tryggari atvinnu að ræða, en sú, er ég hefi nú, auk þess, sem þessi staða skapaði meiri atvinnu t.d. fyrir fleiri úr fjölskyldunni, en hún telur nú átta manns.

Ég hefi óljósan grun um, að margir muni hafa sótt um þessa stöðu og trúlega kannski margir þar réttþærri til að hljóta, en ég, og við því er þá ekkert að segja.

Nú langar mig til þess að biðja þig kæri Bjarni, að spyrjast fyrir um þessa hluti fyrir mig, ef þú telur að ég sé að gera rétt með þessu. Þá þætti mér og sérstaklega vænt um, ef ég kæmi þarna til greina, að ég fengi áður að ræða við viðkomandi aðila, bæði varðandi laun og aðra starfstilhögun varðandi þetta starf.

Með beztu kveðju.

Virðingarfyllst,

*Arnbór Þórólfsson*

Arnþór Þórólfsson  
Heiðarvegi 1.  
Reyðarfirði.

Reyðarfirði 29.júní 1967.

Til. Póst og Síamálastjórnarinnar  
Reykjavík.

Samkv. auglýsingu í Lögbirtingarblaðinu  
útgefnu 10.júní s.l. er auglýst laus staða stöðvarstjóra  
pósts og síma á Reyðarfirði.

Ég leyfi mér hér með, að sækja um þessa stöðu.

Til frekari upplýsinga, leyfi ég mér að geta um eftirfarandi:

Ég er fæddur hér á Reyðarfirði 14/4 1927, menntun mín er  
gagnfræðamenntun, hef unnið við ýmiss störf, bæði til sjávar og  
sveita. Svo eitthvað sé nefnt, hefi ég verið kennari hér í 9.ár,  
rekið hér smáverzlun frá árinu 1951, og frá árinu 1962 hefi ég  
verið gjaldkeri Síldarverksmiðju ríkisins á Reyðarfirði.

Um póststörf hef ég það að segja, að ég hef þrisvar sinnum  
leyst af, um lengri og skemmri tíma, núv. stöðvarstjóra  
hr. Jens Pálsson, og tel mig því hafa öðlast nokkra þekkingu  
varðandi þetta staff.

Meðmæli fyrir hendi, ef óskað er.

Reyðarfirði 29.júní 1967.

Virðingarfyllst,

---

Arnþór Þórólfsson

Akureyri 19/5 '67.

Hr. forsætisráðherra

Bjarni Benediktsson,


Reykjavík.

Símtal okkar í dag. Það getur komið til mála, að  
birta mynd <sup>af mynd</sup> með fylgjandi plöggum, 1 eða 2.

Kaupmaðurinn vill láta sleppa sínu nafni.

Þó er hugsanlegt að ég fengi leyfi hans til birtingar  
ef talið er nauðsynlegt.

Kær kveðja.

  
Páll Pálsson

Algeirt Arnmatarmál

TRÚNAÐARMÁL.

Tillögur um ráðstafanir vegna dagblaðanna.

Emil Guísson og  
Gullf. Þ. Guðsson  
afhenda mér 17.1.67.  
Telja þeir f. á h.u.b.  
12 milj. kr. : þessa  
skyni, þ.e. 7 1/2 milj.  
á blut. Ég legg í hendu  
á ábendingu um tekju  
stofn : stat. um þess  
telja slíkt ógælaft,  
enda munu ítöggöldu  
dreifast. Sími- og póst-  
haf: ítöggöld ~~200~~-400  
-500/ og munu ekkri  
um sínu blut. Útvarpi  
gat: tekju eitthvort  
osfr. - Segja mig  
tilnefnda þessa einh  
slíku þess, enda  
haf: þess stutning  
stj. - andstöðu

Hj. Ben.

1. Flutt verði tillaga til þingsályktunar um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að semja við dagblöðin um, að þau birti í hverju tölublaði allt að hálfrar síðu efni, er sé upplýsingar fyrir almenning, svo sem dagskrá Ríkisútvarpsins, tilkynningar um læknaþjónustu og lyfjabúðarvörzlu, heim-sóknartíma á sjúkrahúsum, afgreiðslutíma opinberra stofnana, ferðir skipa og flugvéla o.s.frv. Ríkissjóður greiði fyrir þessa þjónustu dagblaðanna við almenning samkvæmt gildandi auglýsingatöxtum.

Ríkisstjórnin samþykki að heimila póst- og símamálastjórninni að veita dagblöðunum allt að helmings afslátt af síma-, skeyta- og burðargjöldum, þó ekki af hærri heildarupphæð en svarar til meðalviðskiptaupphæðar hvers blaðs við Póst og síma á einhverju tilteknu liðnu tímabili.

3. Ríkisstjórnin samþykki að fela póst- og símamálastjórninni að koma á fót innan stofnunarinnar deild, er annist útburð dagblaðanna og innheimtu áskriftargjalda. Taki deildin gjald fyrir þessa þjónustu, er nemi helmingi kostnaðarverðs hennar.

17. janúar 1967.

Thanks not only for last  
night but also for  
all your kindness over

Mr. and Mrs. James Kedzie Penfield

the past few years.  
Love to you both

Love  
Doris

3620 Upton Street, N. W.

*Brúðkaup*

*Ásthildar Birnu Kærnested*

*og*

*Arnar Johnson*

*21. janúar 1967*

Ég bið yður að veita mér þá ánægju  
að vera viðstödd brúðkaup  
dóttur minnar,

Ásthildar Birnu Kærnested

og

Arnar Johnson

í Dómkirkjunni,

laugardaginn 21. janúar 1967 kl. 4

og þiggja veitingar að brúðkaupinu loknu

í Oddfellowhúsinu.

Inngangur frá Vonarstræti.

Hildur Kærnested.

*Dölck föt.*

MEMBERS

---

20th International Banking Summer School

Canada • August 13-26, 1967

Hugh K. Robson

---

husband of  
Berghora Gísladóttir

---